# Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf.
# Miðvikudaginn 26.6.2019

Mættir: Jón Helgi Björnsson, Heiðbjört Ólafsdóttir, Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Kristján Þór Magnússon, Bergur Elías Ágústsson, Hjálmar Bogi Hafliðason, Örlyg

**Fundargerð**

1. **Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi liðins árs**

   Jón Helgi Björnsson fór yfir starfsár liðins árs. Hann fór m.a. yfir að allir vísar benda til þess að umönnun í Hvammi sé mjög góð og þakkar það öflugu starfsfólki. Upplýst var um stöðuna er varðar uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis sem fyrirhugað er á næstu misserum. Nýting á hjúkrunarrýmum er næsta 100% og halda þarf mjög vel utan um reksturinn til þess að það almennt takist. Það er í raun sjaldgæft að starfsfólki takist að ná jafn góðum árangri eins og nýtingin ber vott um og fyrir það ber að þakka, sérstaklega þar sem að heimilið er síst ofmannað.

2. **Ársreikningur ásamt skýrslu endurskoðanda**

   Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninginn og helstu kennitölur í rekstrinum, sem og skýrslu PWC, endurskoðanda félagsins.
   Hjálmar Bogi spurði út í aukinn kostnað vegna Víkur, á Raufarhöfn og framkvæmdastjóri svaraði því til að sá kostnaður væri til kominn vegna kostnaðarsamra viðhaldsframkvæmda á húsinu.
   Ársreikningurinn er samþykktur samhljóða.

3. **Fjárhagsáætlun 2019**

   Jón Helgi fór yfir fjárhagsáætlun ársins og tillögu að framlögum sveitarfélaganna til Hvamms sem stjórn hefur samþykkt að beina til sveitarfélaganna.
   Fjárhagsáætlunin og framlög eru samþykkt samhljóða.

4. **Kosning stjórnar og varastjórnar**

   Tillaga að aðalmönnum í stjórn:
   Kristján Þór Magnússon
   Heiðbjört Ólafsdóttir
   Hafrún Olgeirsdóttir
   Sigurður Guðni Böðvarsson
   Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson
   Arnór Benónýsson
   Tillaga að varamönnum í stjórn:
   Helena Eydís Ingólfsdóttir
   Birna Ásgeirsdóttir

KÞM
ÖHÓ

Bergur Elías Ágústsson
Dagbjört Bjarnadóttir
Dagbjört Jónsdóttir
Katý Bjarnadóttir
Tillagan samþykkt samhljóða.

5. **Kosning eins löggilts endurskoðanda og endurskoðunarfélags**

Tillaga um að Rúnar Bjarnason og PWC muni áfram endurskoða félagið.
Tillaga ner samþykkt samhljóða.

6. **Ákvörðun um laun stjórnarmanna og endurskoðanda**

Tillaga um að laun verði óbreytt, þ.e. að miðað verði við greiðslur fyrir fundarsetu í fastanefndum Norðurþings. Endurskoðanda verði greitt skv. reikningi.
Tillagan er samþykkt samhljóða.

7. **Önnur mál**

Bergur Elías óskaði eftir því að taka til máls. Þakkaði starfsfólki fyrir vel unnin störf, sérstaklega hvað varðar gæðavísa stofnunarinnar. Fundarstjóri óskaði eftir því að fundurinn taki undir þessar góðu kveðjur til starfsfólks. Það er samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 14:45